

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## MEÐHÖNDLUN ÚRGANGS, HRINGRÁS, AKUREYRI

<b>Dagsetning</b>	10.11.2011	<b>Fulltrúi UST</b>	Sigrún Guðmundsdóttir, Valur Klemensson
<b>Fyrirtæki</b>	Hringrás hf.	<b>Starfsleyfi, gildir til</b>	18.11.2026
<b>Heimilisfang</b>	Ægisnes 1, Akureyri.	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	420589-1319	<b>Fulltrúar fyrirtækis</b>	Bjarni Viðarsson
<b>Isat nr.</b>	38.22.0	<b>Staðsetning starfstöðvar (hnit)</b>	
<b>Starfsemi</b>	Móttaka spilliefna og annars úrgangs.		

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Gerð er ein athugasemd og eitt frávik staðfest. Athugasemd var gerð við að starfsleyfi Hringrásar Akureyri sé ekki aðgengilegt starfsmönnum.

### UMFANG EFTIRLITS

Útisvæði Hringrásar var skoðað, með í för var María Markúsdóttir heilbrigðisfulltrúi NE. Einnig var skemma þar sem tekið er á móti spilliefnum skoðuð.

Farið var yfir ákvæði starfsleyfis og reglugerð 737/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerð 184/2002 um skráningu spilliefna. Að lokum voru brunnar á svæðinu skoðaðir.



## FRÁVIK<sup>i</sup> OG ATHUGASEMDIR<sup>ii</sup>

### Frávik 1:

Merkingum á körum undir spilliefni var ábótavant.

**Frávik frá:** Ákvæði 3.4 í starfsleyfi um frágang geyma en þar segir að allir geymar sem notaðir eru við geymslu á spilliefnum skulu viðurkenndir og merktir á viðeigandi hátt, a.m.k. skulu koma fram tegundir spilliefna, hættulegir eiginleikar og magn þeirra, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 806/1999.

### Athugasemd 2:

Eintak af starfsleyfi Hringrásar á Akureyri var ekki vel aðgengilegt starfsmönnum.

### Önnur atriði:

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að rekstraraðili fylgist með að magn brennanlegs dekkjaúrgangs fari ekki yfir þau mörk sem skilgreind eru í starfsleyfi.

Reykjavík, 15/05/2012

---

Undirskrift eftirlitsaðila

---

<sup>i</sup> **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

<sup>ii</sup> **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.